

Fimmtudaginn 12. janúar 1989.

Nr. 6/1989. **Gunnar Friðbjörnsson**
 gegn
félagsmálaráðuneytinu
ríkislögmanni
Garðakaupstað
Jóni Gauta Jónssyni
Guðjóni E. Friðrikssyni
og Eiríki Bjarnasyni

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur hinn 29. nóvember sl., með heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, skotið til dómsins frávísunardómi bæjarþings Reykjavíkur 13. október sl. í máli þessu. Hann gerir þær kröfur að hinn kærði frávísunardómur verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir bæjarþing Reykjavíkur að taka málið til efnismeðferðar að nýju. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur varnaraðila félagsmálaráðuneytis og ríkislögmanns eru þær að hinn kærði frávísunardómur verði staðfestur og þeim dæmdur kærumálskostnaður.

Dómkröfur varnaraðila Garðakaupstaðar, Jóns Gauta Jónssonar, Guðjóns E. Friðrikssonar og Eiríks Bjarnasonar eru þær að hinn kærði frávísunardómur verði staðfestur að niðurstöðu til og þeim dæmdur kærumálskostnaður.

Málavöxtum er lýst í hinum kærða dómi.

Samkvæmt gögnum málsins eru kröfur sóknaraðila fram komnar vegna deilu hans við skipulags- og byggingayfirvöld um byggingar á nágrannalóð hans. Sú deila er hér ekki til meðferðar. Kröfur sóknaraðila hér eru réttur þáttur þess máls. Með hliðsjón af 67. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði ber að staðfesta hinn kærða dóm.

Sóknaraðili skal greiða varnaraðila félagsmálaráðuneytinu og ríkislögmanni sameiginlega 10.000,00 krónur í kærumálskostnað og

varnaraðilum Garðakaupstað, Jóni Gauta Jónssyni, Guðjóni E. Friðrikssyni og Eiríki Bjarnasyni sameiginlega einnig 10.000,00 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávísunardómur er staðfestur.

Sóknaraðili Gunnar Friðbjörnsson greiði varnaraðilum félagsmálaráðuneytinu og ríkislögmanni sameiginlega 10.000,00 krónur í kærumálskostnað og varnaraðilum Garðakaupstað, Jóni Gauta Jónssyni, Guðjóni E. Friðrikssyni og Eiríki Bjarnasyni sameiginlega 10.000,00 krónur í kærumálskostnað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. október 1988.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 12. september sl., er höfðað með stefnu áritaðri um birtingu 22. janúar 1988.

Stefnandi er Gunnar Friðbjörnsson, Þrastanesi 5, Garðabæ, nnr. 3349-9876.

Stefndu eru: félagsmálaráðuneytið, nnr. 2308-7006, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, Reykjavík; ríkislögmennsembættið, nnr. 9344-7006, Arnarhvíli við Lindargötu, Reykjavík; Garðakaupstaður, nnr. 2508-0009, Sveinatungu við Vífilstaðaveg, Garðabæ; Jón Gauti Jónsson, nnr. 5155-6925, fyrrv. bæjarstjóri Garðakaupstaðar, Engimýri 4, Garðabæ; Guðjón Erlingur Friðriksson, nnr. 2911-8493, bæjarritari Garðakaupstaðar, Kringlunni 17, Reykjavík, og Eiríkur Bjarnason, nnr. 1857-2419, bæjarverkfræðingur Garðabæjar, Brekkubyggð 44, Garðabæ.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að ummæli stefndu sem hér á eftir greinir verði dæmd ómerk.

Ummæli stefnda Jóns Gauta Jónssonar í yfirlýsingu dagsettri 3. júní 1987 svohljóðandi:

„Í símtali, sem undirritaður átti við Gunnar í byrjun apríl, kom fram hjá honum, að hann hefði skoðað teikningu af Þrastanesi 6 í haust er leið og gæti undirrituðum því þótt athugasemdir hans seint fram komnar. Skýringar á því voru á þann veg að hann vildi síður standa í illdeilum við væntanlega nágranna, en nú þegar húsið væri risið gæti hann ekki látið hjá liða að gera sínar athugasemdir.“

Einnig ummæli stefnda Jóns Gauta í fundargerð Bygginganefndar Garðakaupstaðar 3. júní 1987 svohljóðandi:

„Eigendur að Þrastanesi 5 upplýstu á umræddum fundi að þau höfðu

samningaleið um breytingar á húsinu, en kröfðust þess að húsið yrði fjarlægt af lóðinni.“

Ummæli stefnda Guðjóns Erlings Friðrikssonar bæjarritara í Garðabæ í yfirlýsingu dagsettri 3. júní 1987 svohljóðandi:

„Á fundi er undirritaður sat ásamt bæjarverkfræðingi með Gunnari föstudaginn 15. maí 1987 kom fram hjá honum að hann hafði skoðað teikningar af húsinu Þrastanes 6 hjá byggingafulltrúa á þeim tíma er sökklar voru byggðir. Í framhaldi af þessari yfirlýsingu Gunnars spurði undirritaður hvort ekki hafi verið eðlilegra af hans hálfu að setja fram athugasemdir vegna hæðar og hönnunar hússins. Svar Gunnars var efnislega að þetta væri góð spurning, sérstaklega með tilliti til fagþekkingar hans á þessum málum, en ástæðan hafi verið að hann gerði sér eigi nægjanlega grein fyrir málinu þá.“

Ummæli á bls. 2 í úrskurði félagsmálaráðuneytisins frá 6. júlí 1987 svohljóðandi:

„Samkvæmt kröfu kæranda, sem sett var fram af bæjaryfirvöldum þann 24. apríl sl., um að húsbyggjendur lækkuðu hæð hússins um 50 cm,“ svo og ummæli á bls. 8 í sama úrskurði svohljóðandi:

„Sé það rétt að kærandi hafi látið undir höfuð leggjast að kæra byggingu hússins nr. 6 við Þrastanes eða koma með beiðni á athugun á réttmæti hennar þar til 20. maí sl., enda þótt honum hafi verið kunnugt um hæð sökkla hússins og hvaða áhrif hæð þeirra myndi hafa á hæð hússins í heild þegar úttekt fór fram á lokaframkvæmdum þeirra í ágúst 1986, þá verður að telja það aðgerðarleysi kæranda alvarlegt og afdrifaríkt og það því fremur ef tekið er tillit til menntunar hans, nábylis og nærveru við umræddar byggingarframkvæmdir.“

Ummæli í bréfi stefnda Eiríks Bjarnasonar dagsettu 22. maí 1987 svohljóðandi:

„Þetta kom heim og saman við, að Gunnar Friðbjörnsson hafði komið til byggingafulltrúa Garðabæjar fyrir u.þ.b. ári síðan og fengið að sjá byggingarnefndarteikningu að Þrastanesi 6 og gerði hann engar athugasemdir við hæð hússins. Þegar síðan Gunnar Friðbjörnsson nú fyrir nokkrum vikum krafðist lækkunar Þrastaness 6 féllust eigendur þess á 40 cm lækkun, þótt það hefði nokkurn kostnað í för með sér fyrir þá.“

Einnig ummæli í bréfi stefnda Eiríks Bjarnasonar, dagsettu 23. júní 1987, svohljóðandi:

„Væri þar með fullnægt upphaflegum kröfum húseiganda að Þrastanesi 5, en þeir kröfðust 80 cm lækkunar hússins í fyrstu.“

Ummæli í bréfi stefnda, ríkislögmanns Gunnlaugs Claessen hrl., í bréfi til félagsmálaráðuneytisins dagsettu 17. júlí 1987 svohljóðandi:

„Í 8. mgr. 8. gr. byggingalaga nr. 54/1978 er að finna kæruheimild ein-

staklinga. Samkvæmt þessari grein er aðila, sem telur rétti sínum hallað með ályktun bygginganefndar eða sveitarstjórnar heimilað að skjóta máli sínu til úrskurðar félagsmálaráðherra innan þriggja mánaða frá því að honum var kunnugt um ályktunina. Þessi heimild var ekki nýtt af Gunnari enda ekki til þess skilyrði, er hann hófst handa hinn 20. maí s.l., þar eð frestur til slíks var liðinn. Þess í stað beindi hann kröfu sinni að skipulagsstjórn ríkisins.“

Þá krefst stefnandi þess að staðfest verði með dómi bæjarþingsins að ekki hafi legið fyrir hjá byggingaryfirvöldum í Garðakaupstað hinn 6. júlí 1987 eða fyrr teikningar að húsinu Þrastanesi 6, Garðabæ, sem sýndu hæðarlegu lóðar miðað við hæð hússins.

Loks krefst stefnandi þess að stefndu greiði stefnanda málskostnað vegna reksturs máls þessa samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands eða eftir mati réttarins.

Stefndu hafa gert kröfu um að málinu verði vísað frá dómi og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

— — —

Stefndu færa fram eftirfarandi málsástæður til stuðnings frávísunarkröfu sinni:

a) Hér sé um að ræða rekstur sérstaks dómsmáls um efnislegt réttmæti sýnilegra sönnunargagna sem sé óheimill samkvæmt 67. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

b) Þá er því haldið fram, að grundvöllur málsóknarinnar sé rangur. Stefnandi krefjist þess að fá sérstaklega dóm til að nota síðar sem sönnunargagn um efnislegt réttmæti hinna umstefndu ummæla og lýsi hann því í stefnu að hann hyggist síðar höfða mál til lagfæringar á húsinu Þrastanesi 6. Hins vegar sé það fram komið í málinu að stefnandi hafi þegar lagt þau skjöl er innihalda ummæli þau er hér er krafist ómerkingar á fram í öðru máli sem þingfest hafi verið sama dag og þetta mál í bæjarþingi Garðabæjar.

c) Þá séu kröfur í máli þessu vanreifðar, þar sem ekki sé leitast við að rökstyðja hvað það er sem geri hin umstefndu ummæli röng og óembættisleg eins og talsmaður stefnanda komst að orði. Brjótí málalíbúnaður þannig í bág við 88. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

Af hálfu stefnanda er frávísunarkröfunni mótmælt með vísan til þess að stefnandi eigi lögvarða kröfu til að fá dóm um það hvort hin umstefndu ummæli séu röng. Hann vísar til þeirrar skoðunar sinnar að þar sem hér sé um að ræða ummæli í opinberum gögnum embættismanna eigi sú regla að gilda að aðilar sem telji á sig hallað eigi sjálfstæða kröfu til þess að fá þau ómerkt með dómi.

Forsendur og niðurstaða:

Eins og málatilbúnaði stefnanda er háttað og litið er til þess að hann hefur höfðað mál fyrir öðrum dómstóli þar sem hann hefur lagt fram skjöl sem innihalda ummæli þau er hann hér krefst ómerkingar á, og að mat á sönnunargildi þeirra á undir þann dómstól, svo og með vísan til 67. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði þykir verða að vísa kröfu stefnanda um ómerkingu framangreindra ummæla frá dómi svo sem stefndu hafa krafist. Kemur og hér til álita að nokkuð skortir á að lagalegur grundvöllur kröfu stefnanda sé reifaður nægjanlega.

Krafa stefnanda um að staðfest verði með dómi bæjarþingsins að ekki hafi legið fyrir hjá byggingaryfirvöldum í Garðakaupstað hinn 6. júlí 1987 eða fyrr teikningar að húsinu Þrastanesi 6, Garðabæ, sem sýndu hæðarlegu lóðar miðað við hæð hússins, er andstæð 67. gr. laga nr. 85/1936 með því að fyrrgreindri kröfu hefur verið vísað frá dóminum og ber að vísa henni frá dómi.

Samkvæmt framansögðu verður máli þessu vísað frá dómi.

Samkvæmt niðurstöðu málsins ber að dæma stefnanda til að greiða stefndu félagsmálaráðuneytinu og ríkislögmannsembættinu 35.000,00 krónur í málskostnað og stefndu Garðakaupstað, Jóni Gauta Jónssyni, Guðjóni E. Friðrikssyni og Eiríki Bjarnasyni 35.000,00 krónur í málskostnað, þ.m.t. söluskattur.

Allan Vagn Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna anna dómara.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi greiði stefndu félagsmálaráðherra og ríkislögmannsembættinu sameiginlega 35.000,00 krónur í málskostnað og ennfremur stefndu Garðakaupstað, Jóni Gauta Jónssyni, Guðjóni E. Friðrikssyni og Eiríki Bjarnasyni sameiginlega 35.000,00 krónur í málskostnað.
